

talín málfútningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gísli Þóroddsson á að sæta betr-unarhúsvinnu í 8 mánuði; að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talín málfútningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúarmánaðar.

Nr. 27/1900:

Sígfús Pétursson
geg
Ólafi Ólafssyni.

D ó m u r:

Með skjali, dags. 2. febr. 1899, gjörðu þeir, áfrýjandi Sígfús Pétursson, þá á Þorleifsstöðum, og stefndi Ólafur Ólafsson, þá á Neðri-Mýrum, samning um kaup á jörðinni Steiná í Bólstaðarhlíðarhreppi til handa áfrýjanda, og skyldi áfrýjandi greiða fyrir jörðina 4000 kr., er gjaldast skyldu þannig, að áfrýjandi tæki að sér 1485 kr. skuld

til landsbankans, er á jörðinni hvíldi, en borgaði afgang kaupverðsins á 3 tilteknum gjalddögum, og átti 1. afborgunin, 1000 kr., að lúkast 20. okt. 1899, ásamt vöxtum af þeirri upphæð, $4\frac{1}{3}\%$, frá fardögum s. á. Jörðin átti hins vegar að vera fri og frjáls, laus og liðug fyrir kaupanda frá nefndum fardögum. Áfrýjandinn flutti nú að vísu á jörðina Steiná í fardögum 1899, eins og til var ætlast í kaupsamningnum; en þegar kom að því, að greiða skyldi 1. afborgun jarðarverðsins, vildi hann eigi greiða hana, og lögsótti þá stefndi hann til greiðslu á henni, 1000 kr., ásamt vöxtum frá fardögum 1899, og jafnframt til borgunar á vöxtum af skuldinni til landsbankans, sem stefndi þóttist hafa orðið að greiða fyrir hans hönd haustið 1899, og var málið dæmt í gestarétti Húnavatns-sýslu 1. marz f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda hina umþrættu afborgun, 1000 kr., ásamt $4\frac{1}{3}\%$ vöxtum af þeirri upphæð frá fardögum 1899, og í málskostnað 30 kr. Svo voru og nokkur ummæli um stefnda í varnarskjali áfrýjanda fyrir gestaréttinum dæmd dauð og ómerk. Að öðru leyti var áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda í málinu. Dómur þessi var síðan birtur áfrýjanda af hlutaðeigandi stefnuvottum 30. marz f. á., og með því að áfrýjandi greiddi eigi dómskuldina áður fullnægingarfrestur dómsins var liðinn, var fjárnám gjört hjá honum fyrir skuldinni 6. apríl s. á., og teknar fjárnámi hjá honum skepnur, er honum tilheyrðu, er virtar voru alls á 1146 kr., og 29.

maí s. á. voru skepnur þessar seldar til lúkningar skuldinni á opinberu uppboði, er hlutaðeigandi hreppstjóri hélt í forföllum sýslumanns og eftir skipun hans, dags. 24. apríl 1900, og seldust skepnurnar alls á uppboðinu fyrir 1099 kr. 60 a.

Framannefndum dómi ásamt fjárnámsgjörð og sýslumannsskipun um uppboð með eftirfylgjandi uppboðsgjörð hefir nú áfrýjandi, sem fengið hefir konungsleyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. júlí f. á., og hefir þess verið krafist hér fyrir réttinum af hans hálfu, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum stefnda í málinu, og stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum með einhverri hæfilegri upphæð, eftir mati yfirdómsins, auk endurborgunar á andvirði hins selda, kr. 1099,60, að hinn áfrýjandi fógetaúrskurður og þar eftirfarandi fjárnámsgjörð verði feld úr gildi, og að hin áfrýjanda sýslumannsskipun, og þar með hin eftirfarandi uppboðsgjörð verði ónýtt, en átrýjanda dæmdar bætur fyrir eftir mati dómkvaddra manna eða með ákveðinni upphæð, 1000 kr., eða eftir mati yfirdómsins, auk endurborgunarinnar á kr. 1099,60. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hinn áfrýjandi dómur, fógetaúrskurður og fjárnámsgjörð og uppboðsskipun sýslumanns ásamt eftirfarandi uppboði verði staðfest, og að áfrýjandinn verði dæmur í málskostnað eftir réttarins mati.

Áfrýjandinn hefir fyrst og fremst haldið því fram, að kaupsamningurinn 2. febr. 1899, sem að

framan er skýrt frá, sé óskuldbindandi fyrir sig, þar sem stefndi nefni þar jörðina Steiná eignarjörð sína, en hann hafi þó þá, þegar samningurinn var gjörður, að eins verið búinn að gjöra kaupsamning um hana sjálfur, sem hann ekki hafi staðið í skilum með, og hafi hann því ekki getað skuldbundið sig til að veita afsal fyrir jörðinni. Það er nú að vísu rétt, að stefndi var ekki orðinn eigandi að hinni seldu jörð í þeim skilningi, að hann væri búinn að fá afsalsbréf fyrir henni, þegar kaupsamningurinn við áfrýjanda var gjörður, og að því leyti var það eigi nákvæmt, að kalla jörðina Steiná eignarjörð stefnda í kaupsamningnum, en það verður ekki ráðið annað af málinu en að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þessa afstöðu stefnda til jarðarinnar, og gjörði þessi ónákvæmni í orðuninni þá ekkert til; hitt er alls ósannað í málinu, að stefndi hafi með vanhaldi kaupsamningsins við hinn fyrri eiganda jarðarinnar gjört sér ómögulegt að uppfylla kaupsamninginn við áfrýjandann. Þessi sýknunarástæða áfrýjanda verður því eigi álitin á rökum byggð.

Í öðru lagi hefir áfrýjandi haldið því fram, að jörðin Steiná hafi í fardögum 1899, þegar hann tók við henni, verið í miklu verra ástandi en hún hafi átt að vera eftir samningunum þeirra á milli, áfrýjanda og stefnda, og að afhending jarðarinnar, bæði sjálfrar hennar og húsa á henni og kúgilda, hafi verið svo ófullkomin og óviðunandi, að hann hafi kallað stefnda til þá þegar, og sagt upp kaupunum á jörðinni fyrir þá sök, og hafi stefndi tek-

íð þeirri uppsögn sinni og skrifað jafnframt manni þeim, er hann hafði samið við um kaup jarðarinnar, bréf þess efnis, að hann gaf honum, sem til þess tíma hafði búið á jörðinni, sök á viðskilnaði hennar og uppsögn áfrýjanda á kaupunum, og sagði sig einnig lausan við kaup á jörðinni af sömu sökum og áfrýjandi. Hefir áfrýjandinn lagt fram eftirrit, sem hann tjáist hafa fengið hjá stefnda af bréfi þessu, sem dagsett á að hafa verið 10. júní 1899, og er innihald bréfs eftirrits þessa eins og áfrýjandi hefir haldið fram og nú hefir verið frá skýrt. Stefndi hefir mótmælt því, að hið framlagða eftirrit sé »rétt eftirrit af frumriti með sinni undirskrift« og kveðst aldrei hafa »skrifað eða látið skrifa nafn sitt undir frumrit, sem sé samhljóða því eftirriti«. Eigandi Steinár, sem bréfið var ritað til, hefir verið leiddur sem vitni um þetta atriði, og hefir hann kannast við að hafa meðtekið bréf frá stefnda, dags. 10. júní 1899, og hafi bréfið verið viðvíkjandi vanhaldi hans á ábúðarskyldu hans gagnvart jörðinni Steiná, en hann hefir skýrt frá, að bréfið sjálft væri glatað og kveðst ekki geta borið um, hvort eftirritið sé rétt eftirrit af bréfinu, því hann hefði eigi lært það utanað, og um einstakar klausur úr bréfs eftirritinu hefir hann svarað því, að hann muni ekki til þess, að þau orð eða þeim lík hafi staðið í bréfinu. Á hinn bóginn hafa 3 vitni, sem leidd hafa verið af áfrýjandanum, eftir að gestaréttardómurinn var upp kveðinn, borið það og unnið eið að því, að þau hafi séð bréf frá stefnda vorið

1899 hjá eiganda Steinár, er það var stílað til, og hafi það bréf verið, að því vitnin frekast minnir, samhljóða hinu framlagða eftirriti, og sérstaklega hafa vitnin fullyrt, að í bréfinu hafi stefndi tekið það fram, að áfrýjandinn, sakir viðskilnaðar þess, er bréfið var ritað til, á jörðinni Steiná, hafi sagt sig frá kaupum á jörðinni, og að hann sjálfur (stefndi) neyddist einnig fyrir sömu sakir til að segja sig frá kaupum og öllum afskiftum af jörðinni. Eitt af vitnum þessum hefir auk þess borið það, að það hafi nokkru síðar, sama vor, hitt stefnda og átt að krefja hann um skuld fyrir þenna sama mann, er bréfið fekk, út af kaupum á Steiná, og hafi þá stefndi einmitt vitnað í umrætt bréf sitt til hans, því viðvíkjandi, að áfrýjandinn hafi sagt upp kaupum á jörðinni fyrir illa ábúð greinds manns á henni. Þegar það í sambandi við þessa vitnisburði í málinu er athugað, að stefndi hefir aldrei í málinu beint neitað því, að hann hafi ritað og sent bréf með því aðalinnihaldi, er í hinu framlagða eftirriti felst, en hann hefir að eins neitað því, að bréfið hafi verið samhljóða eftirritinu eða að eftirritið sé rétt eftirrit af frumriti, er hann hafi ritað undir, og að hann hefir jafnvel heldur aldrei í málinu berum orðum neitað því, að hann hafi, eins og áfrýjandi heldur fram, samþykkt uppsögn hans á kaupunum á Steiná, heldur að eins mótmælt vörn áfrýjanda með almennum orðum, þá verður að líta svo á, að nægilega sé sannað af áfrýjanda, að stefndi við umrætt tækifæri, er hann ritaði oftnefnt bréf, sem

virðist hafa verið samið með vitund áfrýjanda, er fekk að taka eftirrit af því, hafi leyst áfrýjanda frá kaupunum á Steiná samkvæmt kaupsamningnum 2. febr. 1899. Það verður því að dæma áfrýjanda sýknan af kröfu stefnda um afborgun þá, er mál þetta er höfðað út af, og ber því að breyta gestaréttardóminum að því leyti. Samkvæmt þessu ber og að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð og uppboð, og ber stefnda að skila áfrýjanda uppboðsandvirðinu 1099 kr. 60 a. Frekari skaðabætur verða áfrýjanda aftur á móti eigi dæmdar, með því að hann hefir eigi fært sönnur á, að hann hafi beðið neitt tjón við gjörðir þessar, enda hefði honum verið innan handar að koma í veg fyrir uppboðið með því að taka út í tíma áfrýjunarstefnu til yfirdómsins. Um ómerking nokkurra ummæla í varnarskjali áfrýjanda fyrir gestaréttinum á dómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti virðist rétt að stefndi greiði áfrýjanda 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Sigfús Pétursson á að vera sýkn af kröfu stefnda Ólafs Ólafssonar um afborgun út af kaupum á jörðinni Steiná. Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð og uppboð skulu feld úr gildi, og ber stefnda að skila áfrýjanda uppboðsandvirðinu 1099 kr. 60 a. Um ómerking nokkurra ummæla í varnarskjali áfrýjanda fyrir gestaréttinum á hinn áfrýjadi

dómur að vera óraskaður. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 60 kr.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marzmánaðar.

Nr. 3/1901:

Réttvísinn

gegn

Hjálmarí Ísakssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Vestmannaeyjasýslu, gengnum 23. okt. f. á., var hinn ákærði, Hjálmar Ísaksson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað í 6 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að lúka öllum málskostnaði, þar með talin málsvarnarlaun til Sigurðar hreppstjóra Sigurfióssonar 4 kr.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða, sem ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt eru leidd rök að í málinu, löglega sannað, að hann 4. okt. f. á. um morguninn milli 7. og 8. stundar fór inn í fiskikró Guðmundar nokkurs Þórarínssonar — en króarhurðin stóð þá opin, að því ákærði hefir boríð og ekki er hægt að vefengja — og hafði á burt með sér þaðan $\frac{1}{4}$ poka, en í honum var þrjóna-poki og skinnskjóða, og í þeim nokkuð af kaffi, sykri, hagldabrauði o. fl., alt saman hér um bil 5 króna virði; eigandi þessa var Ólafur nokkur